

**Nd.**

**690. Nefndarálit**

[206. mál]

um frv. til laga um kaup á sex skuttogurum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Mikils meiri hluta af útfluttum sjávarafurðum er aflað af 80—200 lesta fiskibátum. Þeir hafa reynzt mjög vel í verstöðvum sunnan- og vestanlands eða þar sem stutt er á aflasæl fiskimið. Nokkuð öðru máli gegnir um Norðurland, Austfirði og að minnsta kosti hluta Vestfjarða. Þar þarf lengra að sækja og veður að jafnaði harðari. Stór togskip henta eigi vel vegna aðstöðu við fiskvinnslu og misgóðra hafnarskilyrða. Minni togskip landa oft og sigla síður með aflann óunninn til annarra landa. Þau eru því hagkvæmari til atvinnuaukningar en stóru togskipin. Það er ranglátt og óviturlegt, að ríkið stuðli að kaupum stórra skuttogara með vaxtalausum láni eða framlagi, án þess að veita minni togskipum hliðstæða fyrirgreiðslu. Skip hafa hækkað mjög í verði í íslenskum krónum. Litlar líkur eru til, að ný togskip beri sig án aðstoðar. Sú aðstoð gæti verið með ýmsu móti, annaðhvort með lækkun vaxta, óendurkræfu framlagi eða vaxtalausum láni, Þess ber og að gæta, að fiskiskip, sem við eigum nú, búa að því leyti við hagkvæmari aðstöðu, að stofnkostnaður þeirra er minni, vegna þess að þau hafa verið smíðuð á öðrum tíma og mikill meiri hluti þeirra býr við lán í íslenskum krónum án gengisáhættu.

Ég mæli því með því, að stærri skuttogarar fái aðstoð með vaxtalausum láni, og greiði því atkv. með frumvarpinu, en legg áherzlu á, að minni togskip fái hliðstæða fyrirgreiðslu á einn eða annan hátt

**BREYTINGARTILLAGA:**

Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að stuðla að smíði og kaupum á allt að 14 minni skuttogurum með því að lána án vaxta úr ríkissjóði eða atvinnuþjófnumarsjóði 10% af andvirði þeirra til 15 ára. Stærð þessara skipa skal vera 250—700 lestir. Ríkisstjórnin skal vinna að því, að heimahöfn þessara skuttogara verði í kaupúnum og minni kaupstöðum, enda sé stærð þeirra miðuð við þá aðstöðu, sem þeir eiga væntanlega við að búa hvað snertir löndun og vinnslu aflans. Ríkisstjórninni er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán í þessu skyni, ef með þarf.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Björn Pálsson.